

BORGARRÁÐ 8. mars 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, um stöðu fyrirspurna frá 25. janúar 2018 - R18030068

Á fundi borgarráðs 25. janúar sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram eftirfarandi fyrirspurnir sem enn hefur ekki verið svarað og eru þær því ítrekaðar og óskað svara við þeim sem fyrst. 1. Hvenær er fyrirhugað að innheimta innviðagjald, hversu hátt verður það og hefur lögmæti þess verið kannað? 2. Hvenær má búast við að rafstrætisvagnar sem pantaðir hafa verið frá Kína komi, hversu margir verða þeir og hvað munu þeir kosta? Það verður að teljast einkennilegt að fyrirspurninni um rafvagnana frá Kína hafi ekki verið svarað í ljósi þess að staðhæft er að borgarstjóri hafi látið svo ummælt í fjölmiðlum að þeir væru á leiðinni til landsins.